

Borgarráð
31. júlí 2018

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins varðandi úrræði fyrir heimilislausa

1. Hefur borgin skoðað að koma upp svæði þar sem boðið væri upp á rafmagn og hreinlætisaðstöðu fyrir heimilislausa sem kjósa að búa í tjöldum, fellihýsum, hjólhýsum og húsbílum?
2. Hvers vegna er ekki búið að koma upp fleiri úrræðum fyrir heimilislausa í gámabyggð?
3. Enginn veit hvað heimislausir sem eru óstaðsettir í hús eru margir, þó vettvangsteymi sé á ferðinni þá nær það ekki að snerta alla. Hvaða úrræði eru hjá borginni til að finna þá sem enginn veit um?
4. Hvað ætlar borgin að gera varðandi konur í neyslu sem eru húsnæðislausar? Stendur til að koma upp svipuðu úrræði og rekið er fyrir karla á Vín?
5. Hvers vegna sagði Reykjavíkurborg samningum við Samhjálp upp og á hvaða forsendum?
6. Það kom fram á fundi borgarráðs að 76 væru á biðlista í búsetuúrræði fyrir utangarðsfólk, hvar dvelur þetta fólk á meðan það bíður?
7. SÁÁ hefur boðið lausnir vegna heimilislausra í neyslu og boðist til að byggja húsnæði í landi Víkur á Kjalarnesi. Slíku samstarfi var hafnað af borginni, hvers vegna?
8. Hver hefur verið þróun á fjölda rúma/gistinátta í gistiskýlum Reykjavíkur verið síðustu 4 ár?
9. Hvernig sinnir Reykjavíkurborg heimilislausum m.t.t. heilbrigðiseftirlits og heilsu, sérstaklega með mjög veika einstaklinga? R18070088